

# Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 30.september 2014.

## 54. Fundargerð.

Mætt voru: Ingimar Tryggvason, Jón Einar Jóhannsson, Jón Ingi Cæsarsson, Perla Fanndal og undirritaður.

1. Upplýst um fund sem Perla Fanndal og undirritaður áttu kl. 10 fyrr um daginn með Jóni Birgi Gunnlaugssyni, forstöðumanni Framkvæmdamiðstöðvar Akureyrar. Hann upplýsti eftirfarandi:
  - i. -Byrjað að girða Glerárgötumegin við Eiðsvöll strax í dag (kl. 21 þ. 30.sept. er þessi
  - ii. girðing komin upp).
  - iii. -Bætt yrði við einu grilli á völinn auk þess sem bekkjum og borðum verður fjölgað.
  - iv. -Stígur lagður skáhallt til norðvestur í átt að horni Grænugötu og Glerárgötu.
  - v. -Til stendur að endurnýja gangstíg, keyptur yrði kantsteinn í haust og hann lagður þegar fer að vora.

Við minntumst á númeralausá bíla á lóðum og umgengi á opnum lóðum. Ef slíkt er inn á einkalóðum er það Heilbrigðiseftirlits að eiga við.

2. Ljósastauraviðhald á forgangslista
  - Söguskilti verður sett á Eiðsvöllinn.
3. Hverfisnefnd sammála um að ástand ljósastaura á Eyrinni sé verulega ábótavant. Margir tíðum ljóslausir og margir hverjir ryðgaðir.
4. Ákveðið að taka göngu um Eyrina laugardaginn 4.október kl. 11 f.h. og ljúka þeim skoðunarhring sem hófst sl. vor.
5. Þó nokkuð um að menn safni bílum og bílhraejum inni á lóðum nágrönnum til ama. Hugmynd að fá fund með heilbrigðisfulltrúa, skipulagsstjóra, bæjarverkfræðingi, umhverfisstjóra og jafnvel lögreglu einnig þar sem rædd yrðu m.a. "bílasöfnun" á lóðum og lagalega hlið þess máls, sem og lagningar í götum, umhirða og frágang lóða, ástand og viðhald ljósastaurum og staða lausra lóða.
6. Fyrirhugað er að Hverfisnefnd haldi jólafund fyrir íbúa Oddeyrar, (hugsanlega í Oddeyrarskóla) þar sem boðið yrði uppá jólasnákökur, súkkulaði og kaffi og myndasýningu.

Kaffi Ilmi, Hafnarstræti 107b, 30.september 2014.

Arnór Bliki Hallmundsson ritari Hverfisnefndar Oddeyrar.